

Fundargerð 3. stjórnarfundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 15. nóvember 2006 kl.
10:00 að Tjarnargötu 12, Rnb

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Helga Sigrún Harðardóttir, varastjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Stjórnarformaður lagði fyrir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Þjónustusamningur við íslenska ríkið

Farið var yfir samningsdrögin og munu þau verða unnin áfram í samvinnu við lögfræðing.

3. Listi lagður fram um þær hugmyndir sem fram hafa komið um nýtingu svæðisins.

Listi var lagður fram og munu stjórnarmenn kynna sér þær betur.

4. Önnur mál

a. Bankaviðskipti

Gengið verður til samninga við Sparisjóðinn í Keflavík eftir að tilboð þeirra reyndist hagstæðast af þeim 4 bönkum sem lögðu fram óformleg tilboð.

b. Tölvubúnaður

Framkvæmdastjóra var falið að koma upp nauðsynlegum búnaði.

c. Heimasíðugerð

Lagt var fram tilboð í heimasíðugerð sem var hafnað og verða þau mál skoðuð betur.

d. Erindi frá flugmálastjórn

Tekið var fyrir erindi frá Flugmálastjórninni á Keflavíkurflugvelli. Ekki var tekinn efnisleg afstaða til erindisins á þessu stigi.

e. Kortlagning verkefna – Áætlun

Lagður var fram grunnur að áætlun er varðar kostnað og verkefni félagsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl.11:45